

# Töflubreytingar

Nú er hægt að sækja um töflubreytingar rafrænt í gegnum INNU en einnig verður boðið upp á töflubreytingar eftir hraðstundatöflu mánudaginn 19. ágúst. Nauðsynlegt er að sækja númer til ritara áður en farið er í töflubreytingar.

## Rafrænar töflubreytingar í INNU:

Byrjaðu á að skrá þig inn í INNU. Í valmyndinni hægra megin sérðu hnappinn:

	HEIMAVINNA OG MARKMIÐ
	TÖFLUBREYTINGAR >
	NÁMSGAGNALISTI
	SKRÁ VEIKINDI
	HEIMAVIST

Smelltu á **TÖFLUBREYTINGAR** og **veldu önnina 20192** (stendur fyrir haustönn 2019). Þar sérðu yfirlit yfir áfangana þína og hópa og töflu eins og hér sést:

Minir áfangar	<input checked="" type="checkbox"/> DANS1TO05 - 3	<input checked="" type="checkbox"/> ENSK2HF05 - 1	<input checked="" type="checkbox"/> HÁMA1SM02 - 4	<input checked="" type="checkbox"/> HLSE1BT02 - 2	<input checked="" type="checkbox"/> SLE2BM05 - 4	<input checked="" type="checkbox"/> SAGA2FT05 - 1
Valdir áfangar						

Þú getur **tekið hakið úr** þeim hópum sem þú vilt ekki vera í. Vinstra megin á skjánum er svo valmynd þar sem þú getur slegið inn áfangaheiti:

### Töflubreytingar

1. Veldu áfanga

 ✕

Minir áfar

DANS1

STÆR

Valdir áfa

BÖKF2DR05

EDLI2HK05

STÆR2AF05

STÆR2TL05

Þri

Þú velur áfangann sem þú vilt taka og ef fleiri en 1 hópur er í áfanganum þá birtast hóparnir sem úr er að velja:

1. Veldu áfanga

2. Veldu hóp

1  2  3  GRSSK

Þú hakar við þann hóp sem þú vilt bæta þér í. Loks smellir þú á hnappinn: **Staðfesta óskir um töflubreytingu:**

Staðfesta óskir um töflubreytingu

## Samþykktarferli

Þegar beiðni þín um töflubreytingu berst skólanum er hún tekin fyrir og annað hvort samþykkt eða hafnað. Við vekjum athygli á að ef áfangar eru í árekstri er möguleiki að taka annan áfangann í fjarnámi. Um fjarnámið þarf að sækja sérstaklega á heimasíðu skólans <https://misa.is/fjar- og dreifinam/> en þar er flipi sem heitir **SKRÁNING Í FJARNÁM – MÍ NEMENDUR**

Passi áfangi í töflu er **ekki** mögulegt að sækja um að fá að taka hann í fjarnámi nema

- 1) að sérstakar ástæður liggi þar að baki og þarf þá að tilgreina þær ástæður í fjarnámsumsókninni
- 2) að borga fyrir það fjarnámsgjald sem er 12.000 kr.